

GJALDSKRÁ

fyrir kattahald í Sveitarfélaginu Skagaströnd.

1. gr.

Af köttum á Skagaströnd skal sveitarfélagið innheimta gjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um kattahald.

2. gr.

Við umsókn og skráningu katta skal innheimt gjald að upphæð kr. 2.500. Af leyfðum köttum skal innheimta árlega eftirlitsgjald 2.800 kr. Leyfisgjald er ekki endurgreitt þrátt fyrir breytingar á kattahaldi innan ársins. Greiðslur vegna merkinga og hóptrygginga eru innifaldar í leyfisgjaldi en gjald fyrir nýtt merki ef afhent merki týnist er 1.000 kr.

Árleg hreinsun katta af spóluormum og öðrum sníkjudýrum er á ábyrgð og framkvæmd hennar í höndum kattaeygenda.

3. gr.

Við afhendingu handsamaðs kattar sem gengur laus án merkingar skal innheimta 5.000 kr. handsömunargjald. Við afhendingu kattar sem ekki er gilt leyfi fyrir leggst skráningargjald skv. 2. gr. á afhendingargjald. Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna fæðis, geymslu, auglýsinga og annars kostnaðar vegna handsamaðs kattar. Óskráða ketti má ekki afhenda nema gengið verði frá leyfisveitingu.

4. gr.

Gjalddagi samkvæmt 2. gr. er 1. mars og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar, er sett samkvæmt samþykkt um kattahald í Sveitarfélaginu Skagaströnd, nr. 889/2008 og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Samþykkt í sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar 23. janúar 2013 og af heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra 5. febrúar 2013.

Skagaströnd, 5. febrúar 2013.

Magnús B. Jónsson sveitarstjóri.